

SNEMMTÆK ÍHLUTUN HANDBÓK





Snemmtæk íhlutun-handbók

Málproski og læsi

Inngangur	2
Aðalnámsskrá leikskóla – mál og lestur	3
Fræðileg umfjöllun – snemmtæk íhlutun.....	4
Læsisstefna Reykjakots.....	6
Snemmtæk íhlutun	8
Málörvun	8
Málörvun fjölyngdra barna	9
Almennt um málörvun	11
Lestur er bestur	11
Flokkun á málörvunarefni.....	11
Hvað er í Málörvunarkassanum?.....	12
Umgjörð um málörvunartíma.....	13
Litamerkingar á bækur og spil	13
Spjaldtölvur og málörvun	13
Umgjörð og áherslur leikskólastarfsins	13
Heilsueflandi leikskólinn Reykjakot	13
Leikur að læra.....	15
Lubbi finnur málbein	16
Bína bálreiða – viðeigandi boðskipti	17
Sérfræðipjónusta, einstaklingsáætlun/samvinna í milli kennara/samvinna við sérfræðinga	17
Verkferlar – gátlistar – ferilmöppur.....	18
Samstarf leik- og grunnskóla	18
Lokaorð.....	18
Heimildir	19
Viðaukar	19

Inngangur

Leikskólinn Reykjakot tók til starfa 25. febrúar 1994 og byggir starfshætti sína á Aðalnámskrá leikskóla (2011), skólastefnu Mosfellsbæjar (2002) og námskrá Reykjakots.

Leikskólinn Reykjakot leggur áherslu á markvissa og faglega kennslu í gegnum hreyfingu, leik og skynjun en hugmyndafræði skólans byggir á kennsluaðferðinni „Leikur að læra“ þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði, bókstafa- og hljóða-, lita- og formkennslu er höfð að leiðarljósi. Reykjakot starfar sem heilsueflandi leikskóli á vegum Embættis landlæknis og leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Útivera er mikilvægur þáttur í þroska hvers barns og nýtur starfsfólk leikskólans góðs af stórkostlegri og ósnortinni náttúru Mosfellsbæjar í starfi utan leikskólalóðar.

Tilgangur þessarar handbókar er að bæta þekkingu starfsmanna Reykjakots á mikilvægi snemmtækra íhlutunar og bæta þannig starf skólans með hag barnanna að leiðarljósi. Bókin á að auðvelda aðgengi starfsfólks að kennsluaðferðum og markmiðum sem Reykjakot leggur upp með í læsisstefnu sinni. Efniviður sem leikskólinn á er kynntur ásamt ýmsum gögnum sem nýtast starfsfólki í leik og starfi. Handbókin er líka hugsuð fyrir foreldra sem leiðarvísir um kennsluaðferðir og námsgögn sem foreldrar geta svo nýtt sér sjálfir sem stuðning við málörvun barna sinna. Ávallt er lagt upp með að kenna börnunum í gegnum leik. Stuðst er við bók Ásthildar Bj. Snorradóttur o.fl. *Snemmtæk íhlutun tveggja til þriggja ára barna*. Einnig er unnið með námsefni sem til er í leikskólanum s.s. *Lubbi finnur málbein*, *Bína bálreiða* og námsefni sem fylgir *Leikur að læra*.

Fræðsluvið Mosfellsbæjar tók þá ákvörðun haustið 2018 að fara í samstarf við Menntamálastofnun og Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing og hún myndi leiða þróunarverkefni. Markmið verkefnisins fól í sér að gera alla verkferla skýra ásamt hlutverki starfsfólks og stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni með skipulagðri flokkun og skoða uppbyggingu málörvunarstunda. Síðast en ekki síst var markmiðið með verkefninu að skerpa á því leiðandi hlutverki sem leikskólar hafa þegar kemur að snemmtækri íhlutun barna með málþroskaraskanir. Lagt var upp með að hver leikskóli gerði handbók sem rammaði inn þessa þætti ásamt því að taka mið af sérstöðu hvers og eins leikskóla út frá hugmyndafræði og skólanámskrá.

Allir leikskólar Mosfellsbæjar tóku þátt í verkefninu. Skipaðir voru verkefnastjórar í hverjum leikskóla ásamt leikskólastjóra á hverjum stað. Tímarammi var áætlaður frá nóvember 2018 til apríl 2020. Gunnhildur Sæmundsdóttir skólafulltrúi Mosfellsbæjar hélt utan um verkefnið fyrir hönd skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

Aðalnámskrá leikskóla – mál og lestur

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Sett eru fram [leiðarljós leikskólastarfs](#) og fjallað um námssvið leikskóla.

Áhersluþættir námssviðanna endurspeglar grunnþætti menntunar og þar má finna þá hæfniþætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér. Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið.

Settir hafa verið fram eftirfarandi grunnþættir menntunar:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Í samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla þá er vægi leiksins mikilvægt og leikur ætti því að vera þungamiðja og meginnámsleið leikskólastarfsins. Leikur er þannig mikilvæg námsaðferð og getur kallað á fjölbreytta notkun tungumálsins og samskipti.

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmýnd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta.

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.
- Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Þróa læsi í víðum skilningi.
- Öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu.
- Deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.

- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Fræðileg umfjöllun – snemmtæk íhlutun

Öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi. Það er mikilvægt að unnið sé að þessu markmiði með því að stuðla að auknu samstarfi fagstétta og allra þeirra sem vinna með ung börn. Áhersla verður lögð á snemmtæka íhlutun og að brugðist verði við, um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik, hjá ungum börnum. Með því að veita markvissa málörvun í gengum leik og daglegar aðstæður sem fyrst, er leitast við að draga úr erfiðleikum sem barnið kann að lenda í síðar meir. Leitast verður við að aðlaga málörvunina að þörfum hvers einstaklings með því að skilgreina hvaða málþætti þarf að styrkja. Áhersla er einnig lögð á einstaklingsáætlanir, skráningu og mat á árangri. Mikilvægur þáttur í samstarfi fagstétta í málörvun er að skilgreina mismunandi hlutverk þeirra innan leikskólans. Það skiptir jafnframt sköpum að efla samstarf við foreldra með því að fræða þá og upplýsa um málþroskafrávik og gera þeim grein fyrir stöðu barnanna sinna hvað varðar mál, tal og boðskipti og vísa þeim til talmeinafræðinga, sálfræðinga og annarra sérfræðinga eftir eðli fráviks. Með því að upplýsa foreldra gera þeir sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka virkan þátt í aðferðum snemmtækra íhlutunar, til að undirbúa barn sitt til þess að takast á við allt nám. Þannig er unnið enn frekar að íhlutun sem mætir þörfum allra barna hvað varðar málörvun og kennslu við hæfi.

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið. Sérfræðingar gerðu sér grein fyrir að hægt er að hafa áhrif á þroskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með ígrunduðum aðferðum (Weitszman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Heilastarfsemin hjá ungum börnum er ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólgin með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með, ásamt því að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til að ná árangri. Eitt af því sem skiptir miklu máli í allri málörvun er að vinna markvisst eftir viðeigandi málþáttum. Það er þ.a.l. mikilvægt að flokka og skilgreina málörvunarefni sem er til í leikskólanum út frá því hvaða málþætti er verið að vinna með hverju sinni. Í framhaldi er hægt að mæta betur mismunandi þörfum barna í málörvun, einnig er mikilvægt að skrá og skilgreina hvað er gert í málörvun, meta árangur og senda viðeigandi málörvunarverkefni heim með þeim börnum sem þess þurfa. Slík vinnubrögð stuðla að aukinni samvinnu á milli starfsfólks leikskóla og foreldra/ forráðamanna.

Einn þáttur í snemmtækri íhlutun fyrir börn með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Undanfarið hefur áhugi fræðimanna í auknum mæli beinst í þessa átt vegna þess hve afgerandi áhrif hún hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform

málþroskafrávika getur komið fram í hegðunarerfiðleikum. Börn með slaka boðskiptafærni kunna ekki að vera í hópi. Þau eiga erfitt með að lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og gera til skiptis. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hópavinnu. Í bókinni um Bínu bálreiðu (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006) er unnið markvisst með að kenna börnum að leggja grunn að góðum boðskiptum. Bína kennir börnunum að sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis og muna. Það sem er skemmtilegt við Bínu er að hún er dúkka sem að höfðar bæði til drengja og stúlkna.

Málskilningur er háþrúð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til að gera sér í hugarlund aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar, skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á að geta túlkað lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færni við að búa til skema sem er mikilvægt fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema sem er eins konar innra handrit og er geymt í minni. Það sýnir tengsl hluta og alhæfða þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema fyrir málskilning. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010).

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Samkvæmt túlkun niðurstaðna á orðaforðagátlistanum Orðaskil (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998) kemur í ljós að meðaltal virks orðaforða stúlkna við 24-25 mánaða aldur er 366 orð, en 268 orð hjá drengjum. Þessar niðurstöður gefa verðmætar upplýsingar sem mikilvægt er að byggja á þegar unnið er með orðaforða ungra barna. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir 1998; Rosetti, 2005). Talmeinafræðingar geta metið frávik í orðaforða hjá tveggja ára gömlum börnum (Mc.Gregor, 2006). Það skiptir sköpum að vinna markvisst í gegnum leikaðstæður og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í gegnum leik og viðhöfð í daglegum aðstæðum í leikskólanum. Allt starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram við að vera góðar málfyrirmyndir og að gera sér grein fyrir mismunandi stöðu barna hvað varðar málþroska.

Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi í gegnum leik og söng. Það er vitað að taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Í kringum sex mánaða aldur eru flest börn farin að leika og endurtaka hljóðasambönd sem eru búin til af samhljóða og sérhljóða. Í kringum eins árs aldur þróa börn síðan hæfileikann til þess að segja orð sem hafa merkingu við ákveðnar aðstæður (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með máhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og yfirfæra síðan þessa þekkingu á máhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir

bókstafsþekkingu og lestrarnám. Umskráning bókstafa í máhljóð byggir meðal annars á þróun hljóðkerfisins. Rannsókn Þóru Másdóttur(2008) sýndi í hvaða röð íslensk börn tileinka sér máhljóðin frá tveggja ára aldri. Fyrst koma nefhljóðin /m/ og/n/ og síðast sveifluhljóðin /r/ og /hr/. Sérhljóð voru ekki skoðuð sérstaklega í rannsókninni, en vísbendingar úr henni bentu á að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin (/a/,/í/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/) og síðan tvíhljóðin (/á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/). Þessar upplýsingar gefa okkur hugmyndir um hvernig best er að haga skemmtilegri vinnu með íslensku máhljóðin, sem er skemmtilegt að gera í gegnum leik og söng (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Það er mikilvægt að leika sér með máhljóðin frá unga aldri vegna þess að íslenskar rannsóknir sýna að tveggja ára börn geta myndað 67% einstakra máhljóða á réttan hátt (Hildigunnur Kristinsdóttir, 2007) og að rúmlega þriggja ára gömul börn (3-4 ára) geta myndað 88% íslenskra einstakra máhljóða rétt. Því fer fjarri að það eigi að vinna með beina framburðarleiðréttingu hjá svo ungum börnum, heldur er aðeins verið að benda á mikilvægi þess að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar þegar unnið er með alla málþætti. Það ætti alltaf að vinna í samráði við talmeinafræðinga þegar unnið er með framburð máhljóða.

Við gerð þessa þróunarverkefnis er leitast við að skilgreina og flokka málörvunarefni eftir viðeigandi málþáttum. Einnig eru útskýrðar skimanir/prófanir sem eru notaðar í leikskólanum til að meta málþroska og undirbúning fyrir lestur. Sérstök áhersla er lögð á að skilgreina hvaða íhlutun fer í gang eftir skimanir/prófanir með yngri og eldri börnum leikskólans. Það er ósk okkar að þróunarverkefnið verði til þess að sem flestir sem vinna með ung börn vinni eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar. Einnig er lögð áhersla á að vinna eftir gagnreyndum aðferðum á hagnýtan hátt með áherslu á íhlutun við hæfi, skráningu á því sem gert er í málörvun, flokkun á málörvunarefni, samvinnu og mati á árangri með viðeigandi gátlistum sem byggja á dæmigerðri málþróun ungra barna. Sérstök áhersla er lögð á að mæta þörfum allra barna þ.e. börnum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál, börnum með málþroskafrávik og börnum sem fylgja hefðbundinni þróun í málþroska. Allir sem starfa í leikskólanum hafa tekið þátt í að gera þetta þróunarverkefnið að veruleika með því að taka virkan þátt í innleiðingunni á verkefninu.

Byggt á bókinni: *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna* (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014).

Læsisstefna Reykjakots

Málþroski

Í leikskólanum er lagður grunnur að málþroska og læsi barna. Starfsfólk leikskólans vinnur markvisst að því að efla málþroska barnanna frá tveggja ára aldri og notar m.a. málörvunarkassa með bókum og spilum sem hæfa þroska þeirra. Þessir kassar eru á hverri deild og útbúnir fyrir þann aldur sem er á deildinni. Eldri deildirnar nota einnig námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Yngri deildir nota námsefnið *Bína bálreiða*. Með námsefninu *Lubbi finnur málbein* er áhersla á brúarsmíð á milli máhljóða og bókstafa með stuðningi táknaenna hreyfinga. Hjá elstu börnum leikskólans er einnig áhersla á hlustun á krefjandi sögur, sögugerð, ýmsa leiki með málið, s.s. rím, taka í sundur orð, setja saman orð og fleira.

Orðaforði-málskilningur

Grundvallarþáttur í að skilja talað og lesið mál er að hafa góðan orðaforða þar sem les- og hugtakaskilningur byggja á honum. Við sem störfum í leikskólanum setjum orð á alla hluti í umhverfi barnanna og ræðum við þau á meðan við sinnum athöfnum daglegs lífs. Lesnar eru bækur sem hæfa þroska og aldri barnanna, stoppað er og útskýrð fyrir þeim hin ýmsu hugtök og börnin spurð um innihald bókarinnar.

Ritmál

Ritmálið er haft sýnilegt fyrir börnin í leikskólanum. Bækur sem börnin fá í hendur þurfa að hafa stórt letur svo þau geti æft sig á bókstöfunum þegar þau hafa áhuga. Nöfn barnanna eru á skúffum, fatahólfum og á mismunandi stöðum svo að þau læri að þekkja sitt nafn. Ritmálið er einnig að finna á sumum veggjum. Á þennan hátt læra börnin smátt og smátt að þekkja orðin. Elstu börnin læra að skrifa nafnið sitt á meðan yngri börnin eru að læra að þekkja fyrsta stafinn í nafninu sínu.

Samræða, tjáning og hlustun

Mikil áhersla er lögð á samskipti við börnin með því að hlusta á það sem þau hafa að segja og æfa þau í að segja frá. Í samveru, t.d. á morgunfundum fá börnin að segja frá einhverju skemmtilegu sem þau hafa gert eða upplifað. Á valfundum tjá börnin sig um hvaða verkefni þau velja sér. Á söngfundum sem eru vikulega, eru allir með í samsöng. Einstaka sinnum eru sett upp leikrit og sýnd fyrir hinar deildirnar.

Við segjum börnunum sögur, lesum fyrir þau bækur, syngjum með þeim, æfum rím, vísur og þulur. Í *Markvissri málörvun* eru leikir mikið notaðir sem æfa hlustun. Í samverustundum eru líka hljóðfæri til að æfa að vera samtaka og læra hve þagnir eru mikilvægar í tónlist. Taska með smáhljóðfærum fylgir hverri deild. Samverustundir eru einnig notaðar til að hlusta á sögur og tónlist af geisladiskum. Frjálsum leik er gert hátt undir höfði og börnin fá nægan tíma til að leika sér sem eflir samskipti og tjáningu. Börnin eru hvött til að æfa sig að hlusta á hvert annað í samskiptum og einnig á kennara sína.

Efniviður

Bækur eru alltaf aðgengilegar fyrir börnin og fagbækur um ýmis efni notaðar í hópatímum með kennara. Við heimsækjum bókasafnið nokkrum sinnum á vetri hverjum til þess að börnin læri að nýta sér það. Bókin *Markviss málörvun* er notuð með tveimur elstu árgöngum skólans. Börnin hafa alltaf aðgengi að pappír og skriffærum.

Lestur og hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er mikilvægur grunnur fyrir lestrarnám og skiptir miklu máli að börnin læri að í orðum eru hljóð. Hljóðkerfisvitund barnanna er eflað með því m.a. að syngja, ríma og klappa atkvæði. Á eldri deildum leikskólans er unnið með sundurgreiningu orða í hljóð og samsetningu orða.

Matstæki

Hljóm-2 er próf sem lagt er fyrir að hausti til að meta hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi

leikskólans. Þar er verið að kanna þættina rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

TRAS er skráning á málþroska ungra barna sem er fyllt út tvisvar á ári af kennara fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára.

Snemmtæk íhlutun

Öll börn eiga rétt á því að fá kennslu við hæfi. Stundum þarf að leggja áherslu á aðgerðir sem stuðla með markvissum hætti að þroskaframvindu barna, hvort sem það er í málörvun eða örvun annarra þroskapátta. Því fyrr sem íhlutun hefst, því meiri líkur eru á að markviss þjálfun skili árangri. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólgin með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar um barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með, ásamt því að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til þess að ná árangri. Ef röskun verður á málþroska geta börn farið að þróa með sér hegðunarerfiðleika vegna þess að hegðun og boðskipti eru nátengd. Þess vegna þarf að leggja áherslu á að byrja snemma að styrkja boðskiptafærni. Þegar börn vita hvernig þau geta gert sig skiljanleg og til hvers er ætlast af þeim líður þeim betur og hegðun lagast oft í samræmi við aukna færni í boðskiptum og málþroska (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, og Sigurður Sigurjónsson, 2014)

Mikilvægt er að hafa gott samstarf við foreldra með því að fræða þá og upplýsa um stöðu barna sinna hvað varðar mál, tal og boðskipti og vísa þeim til viðeigandi sérfræðinga allt eftir eðli frávíka. Vel upplýstir foreldrar gera sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka virkan þátt í aðferðum snemmtækra íhlutunar til þess að undirbúa barn sitt til að takast á við allt nám. Þannig er unnið enn frekar að íhlutun sem mætir þörfum allra barna hvað varðar málörvun.

Málörvun

Í Reykjakoti er mikið lagt upp úr málörvun allra barna. Margt þarf að hafa í huga svo málörvun beri árangur. Mikilvægt er að starfsfólk gefi sér tíma til að tala mikið við börnin, lesa, syngja og fara með vísur og þulur. Alls ekki má gleyma að hlusta á börnin, veita þeim athygli og gefa þeim tíma til að tjá sig. Með því er verið að sýna börnunum að það sem þau hafa að segja skiptir máli og að það skilar árangri að læra að tala (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Starfsfólk þarf að grípa hvert tækifæri til þess að eiga samræður við börnin, huga að þroska þeirra og tala við þau samkvæmt honum (Bennet-Amistead, Duke, & Moses, 2005). Í gegnum allt starf leikskólans gefast ótal tækifæri til samræðna við börnin, t.d. í fataklefanum, við matarborðið, í frjálsum leik og svo framvegis. Allar samræður örva málþroska. Því þarf málörvun ekki endilega að fara fram í sérstökum málörvunarstundum með fyrirfram ákveðnum og afmörkuðum viðfangsefnum, heldur er mikilvægt að grípa augnablikið sem gefst hverju sinni. Tengja þarf málörvunina við allar athafnir og viðburði dagsins og huga að hlustun og máltjáningu, orðaforða, lestri og ritun. Góð almenn málörvun í dagsins önn er

mikilvægasta framlag leikskólans til að undirbúa læsi barna í víðum skilningi.

Málproski leikskólabarna

18 mánaða -2 ára:

Barnið skilur mörg einföld orð, fer eftir einföldum fyrirmælum og getur hermt eftir hegðun kennarans. Fer að tengja saman tvö orð. Hér ráða börnin við að hlusta á einfaldar sögur sem kalla á þátttöku barnsins og gagnvirk samskipti.

2-3 ára:

Hér fer barnið að nota tveggja orða setningar og fer jafnvel að setja saman lengri setningar og tala skýrar. Barnið ræður betur við að skýra út hvað það vill og lýsa atburðum. Á þessum aldri hafa börn gaman af kvæðum og sögum og endurtekningin er allsráðandi (sama sagan aftur og aftur). Um 3 ára aldurinn fer barnið að þekkja algengustu litina og nefna a.m.k. sex líkamshluta. Barnið getur nefnt sjálf sig með nafni þó svo að framburðurinn sé ófullkominn. Börnum á þessum aldri finnst gaman að nefna hluti og æfa sig mikið í því. Hér er hægt að fá börn til að fara eftir einföldum fyrirmælum eins og: „réttu Siggu kubbinn“.

4-5 ára:

Málproskanum fleygir fram og setningar verða flóknari og orðaskipan rétt. Um 4 ára aldurinn getur barnið flokkað og nefnt liti, hefur mjög gaman af ævintýrum og getur endurtekið uppáhalds söguna sína. Um 5 ára aldurinn fara sum börn að þekkja bókstafina og hafa áhuga á tilgangi þeirra. Börnin læra rétta orðaskipan og reglur tungumálsins með því að vera stöðugt að endurtaka.

(Heimildir: *Þroskahjólíð*, útgefið af Mosfellsbæ 2007. *Uppeldishandbókin*, ýmsir höfundar 2000.)

Málörvun fjöltyngdra barna

Við upphaf leikskólagöngu er mikilvægt fyrir barnið að starfsfólk leikskólans sé upplýst um hvernig málumhverfi er háttað heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar og starfsfólk sammælist um hvaða áherslur eru varðandi til dæmis orðaforða barnsins. Að læra tvö tungumál tekur lengri tíma en að læra eitt. Það getur þ.a.l. komið fram frávik í málþroska þegar barnið er prófað eingöngu á einu tungumáli. Besta leiðin til að meta stöðu barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál er að meta orðaforða barnsins (Orðaskil, 1998). Foreldrar eru hvattir til að rækta móðurmál barnsins. Það skiptir mestu máli að tala móðurmál þess og leggja grunn að eðlilegri þróun í málþroska. Hins vegar er líka mikilvægt að læra tungumálið í því landi þar sem barnið býr. Þetta á sérstaklega við um orðaforða sem er notaður í skólaumhverfi barnsins.

Magn og gæði hvað varðar, samskipti, íhlutun og notkun í báðum tungumálum hefur áhrif á málþroska.

Hvernig er málörvun skipulögð?

Þegar málörvun er skipulögð þarf að taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Barnahópnum sem vinna á með, aldri, þroska og fjölda barna
- Hvaða málþætti á að vinna með í málörvunarstundinni
- Málörvunarefninu sem unnið er með hverju sinni
- Að vera meðvitaður um að virkja öll börnin í hópnum

Huga þarf að eftirtöldum atriðum þegar unnið er að málörvun:

- Markmiðum: Hvaða málþætti á að örva?
- Rökstuðningi: Til hvers?
- Útfærslu og vinnutilhögun: Hvernig?
- Skráningu: Hvað gerðist í tímanum?
- Mati: Hvernig tókst til?

Það sem þarf að æfa hjá börnunum er:

- Hlustun
- Máltjáning
- Hugtakaskilningur
- Orðaforði
- Málskilningur/málfæðivitund
- Hljóðkerfisvitund og framburður einstakra máhljóða og /eða framsögn almennt
- Viðeigandi boðskipti

*Mjög mikilvægt er að börnin hafi gaman af því sem þau eru að gera því þannig læra þau mest og best. Munið að börnin eru í leikskóla og því er unnið með málörvun í gegnum leikinn á einn eða annan hátt.

*Ágætt er að vega og meta hverja málörvunarstund fyrir sig. Huga að því hvernig börnin eru stemmd og vinna svo út frá því. Skipulag stundarinnar getur því alltaf breyst og einnig geta stundirnar verið afar mismunandi allt eftir börnum og aðstæðum.

*Betra að hafa málörvunarstundir styttri í einu en oftari. Endurtekningar og upprifjanir eru nauðsynlegar á bæði með spilum og bókum, þannig læra börnin best, sérstaklega orðaforða og málfræði.

Almennt um málörvun

Mikilvægt er að tala hægt og skýrt. Tali maður of hratt á barnið erfitt með að ná því sem hinn fullorðni segir. Tala í stuttum og einföldum setningum. Það auðveldar barninu að skilja og hjálpar því að sameina orð og mynda setningar.

Notið opnar spurningar þar sem barnið á möguleika á að svara með öðru en já eða nei.

Varist að leiðréttu barnið beint þegar það segir eitthvað rangt. Það getur leitt til óöryggis hjá barninu. Endurtakið frekar það sem barnið sagði og þá með áherslu á rétta málnotkun og framburð.

Mjög mikilvægt er að hvetja barnið til að tjá sig. Veljið samtalsefni sem báðir viðmælendur hafa áhuga á. Verið tiltæk þegar barnið hefur þörf fyrir að tjá sig. Náið augnsambandi við barnið og reynið að sjá hvar athygli og áhugi þess er. Gefið tíma fyrir spjall, sýnið þolinmæði og hlustið á það sem barnið segir.

Lestur er bestur

Lestrarnám byggist á samvinnu heimilis og skóla. Börn sem hafa greiðan aðgang að fólki sem ræðir við þau um heima og geima, les fyrir þau og kennir þeim ný orð, eiga öllu jöfnu auðveldara með að ná tökum á lestri, bæði hvað varðar tæknilega hlið hans og lesskilning.

Foreldrar eru fyrstu kennarar barna sinna og stuðla að því að börnin tileinki sér móðurmálið á árangursríkan hátt. Rannsóknir (Pence og Justice, 2012) sýna að ef lesið er fyrir börn frá unga aldri eflir það málþroska þeirra og orðaforða og eykur þannig velgengni þeirra í námi síðar á ævinni. Það er því mikilvægt að foreldrar lesi daglega fyrir börn sín frá unga aldri. Einnig er mikilvægt að halda áfram að lesa fyrir börnin þó að þau séu farin að lesa sjálf.

Leggja þarf áherslu á að:

- Lesa fyrir börn og hvetja þau til að ræða um efnið
- Tala við þau og leyfa þeim að tjá sig
- Hjálpa þeim að rifja upp söguna
- Muna eftir að hlusta á hvað börnin hafa að segja
- Kenna þeim ný orð úr bókum og málumhverfi
- Syngja, kenna vísur og þulur, gátur og rím

Flokkun á málörvunarefni

Til að auðvelda leikskólanum þetta þróunarverkefni hafa verið útbúnir kassar með ýmsu efni sem kemur að notum í málörvun. Kassarnir eru tveir – annar fyrir eldri kjarnana og hinn fyrir þá yngri. Í kössunum er stutt kynning um máltöku barna, þar er líka tillaga að skipulagi málörvunartíma og bækur og spil sem henta til málörvunar.

En aðallega er gagn að þessum kössum þegar þeir eru notaðir markvisst og getur hver og einn komið með tillögur um nýtt efni til að bæta í kassana. Það er mikið af efni í sérkennslustofunni sem hægt er að fá og nota með mismunandi hópum á deildunum í leikskólunum.

Hvað er í Málörvunarkassanum?

- Fræðsla um málþroska miðað við aldur barnanna.
- Málþroskahjólíð* um málþroska barna.
- Glósubók fyrir hópstjóra til að bæta við hugmyndum.

*Málþroskahjólíð lýsir í aðalatriðum þróun málþroska til 5 ára aldurs. Það lýsir einnig atriðum sem fjölskyldan og kennarar geta gert til að leiðbeina börnum og stuðla þannig að stöðugri framvindu málþroskans.

Bækur sem henta vel fyrir málörvun:

- Bína bálreiða kennir börnum að sitja, passa hendur, bíða, hlusta, muna og fara eftir fyrirmælum (undirstöðupættir boðskipta)
- Bína fer í leikskóla Stafrófskver
- Benjamín Blálendingur Hattur og Fattur
- Hver tók skóinn minn? Brauðbörnin
- Keli köttur í ævintýrum Stafirnir
- Vísnaþók barnanna Selurinn í umhverfi sínu
- Romsþókinn Einstök mamma
- Elmar og týndi bangsinn Talnapúkinn
- Prinsessan og leitinn að hamingjunni Markviss málörvun

Kennsluefni sem hentar vel í málörvun:

- Orðagull
- Bínu myndalottó x 2
- Minnisspil með íslenskum bókstöfum
- Colorama – litir og form
- Innkaupalistinn (Shopping list) spil.
- Spilastokkur

Umgjörð um málörvunartíma

Hver málörvunartími hefur ákveðna umgjörð:

- Barnið/börnin boðin velkomin
- Farið yfir boðskiptareglur
- Farið yfir skipulag tímans munnlega og með myndum
- Sögubók lesin
- Verkefnavinna/málörvandi námsefni/söngur
- Lubbi finnur málbein – Lærum og leikum með hljóðin – Spil og hlutverkaleikir – Orðagull
- Upprifjun og barnið/börnin formlega kvödd

Litamerkingar á bækur og spil

- *Setningafræði og málfræði* Blár
- *Heyrnarminni* Grænn
- *Hljóðkerfisvitund* Hvítur
- *Orðaforði* Gulur
- *Almennur málskilningur* Rauður
- *Stærðfræði* Svartur

Spjaldtölvur og málörvun

Nýjung í starfi Reykjakots er notkun á spjaldtölvum. Þessi vinna er enn í mótun en miðar að því að nota forrit þar sem lögð er áhersla á málörvun. Helstu forrit sem notuð eru: *Leikum og lærum með hljóðin*, *Orðagull* og *Orðaleikurinn*. Unnið er með börnin í litlum hópum, 3-4 börn í senn. Þetta er hugsað sem viðbót við aðra málörvun.

Umgjörð og áherslur leikskólastarfsins

Heilsueflandi leikskólinn Reykjakot

Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans.

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólafarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.

Hreyfing

Fjölbreytt hreyfing við hæfi stuðlar að betri líkamshreysti og aukinni hreyfifærni. Hún er einnig sameiginlegur leikur sem skapar meðal annars tækifæri til að auka félagslega færni, eignast vini og efla sjálfstraust.

Útivera sem felur í sér hreyfingu er árangursrík leið til að kynna börn fyrir nánasta umhverfi sínu og gefa þeim kost á að takast á við ýmis viðfangsefni á virkan hátt.

Mikilvægt er að skapa aðstæður sem takmarka langvarandi kyrrsetu og stuðla að því að bæði börn og starfsfólk leikskóla hafi tækifæri til að fullnægja daglegri hreyfipörf sinni á öruggan og ánægjulegan hátt.

Mataræði

Maturinn í leikskólanum er í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði. Við höfum *Handbók um leikskólaeldhús* að leiðarljósi við matargerð á Reykjavoti.

Góðar matarvenjur barna skapast af umhverfinu sem þau búa við og er mælt með að starfsfólk leggi sig fram við að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft við matarborðið.

Mikilvægt er að bjóða upp á hollan mat en ekki síður að starfsfólk taki þátt í máltíðinni með börnunum og að samskipti og samtal um matinn byggji á jákvæðum skilaboðum um hollustu og gæði hans.

Geðrækt

Fyrstu ár barnsins eru einhver þau mikilvægustu í lífi þess með tilliti til tilfinninga- og félagsþroska en eðlilegur þroski barna er háður öruggum og ánægjulegum tengslum við aðra. Því er brýnt að umhverfi ungra barna einkennist af stöðugleika og hlýju og að börnin geti tengst þeim sem annast þau tilfinningaböndum.

Tannheilsa

Auka má tannheilsuvitund og bæta tannheilsu með því að kenna og koma á góðum venjum varðandi mataræði og munnhirðu bæði heima og í leikskólanum. Mikilvægt er að börnin læri að þeim líður vel með hreinar og heilbrigðar tennur. Almennar ráðleggingar mæla með tannburstun að lágmarki tvisvar á dag, eftir morgunverð og mjög vel áður en farið er að sofa á kvöldin. Foreldrar gegna lykilhlutverki í tannhirðu barna sinna en samvinna heimila og

leikskóla getur stuðlað að enn betri tannheilsu barna og þar með að betri tannheilsu síðar á ævinni.

Öryggi

Markmið áverkavarna er að koma í veg fyrir að slys verði eða ofbeldi eigi sér stað og því er mikilvægt að huga að öryggi og slysavörnum í leikskólum.

Slys í leikskólum eru um 16% allra slysa á börnum 0-4 ára samkvæmt slysskrá Íslands. Til að fækka slysum er mikilvægt að þau séu öll skráð á þar til gerð skráningarblöð sem eru til í leikskólanum.

Með því að hafa slíka samantekt getur starfsfólk betur sett sér markmið í fækkun slysa og unnið markvisst að því að forgangsraða slysavörnum miðað við fjölda og alvarleika slyssanna sem börnin verða fyrir.

Þó svo að einelti sé talið algengast á miðstigi í grunnskóla getur það líka átt sér stað eða átt rætur sínar í leikskóla. Því er mikilvægt að kenna börnum samskiptafærni, vera góð fyrirmynd og leiðbeina þeim. Eins er mikilvægt að vera vakandi fyrir einkennum um vanrækslu eða annars konar ofbeldi og bregðast við því.

Fjölskylda

Mikilvægt er að standa vel að aðlögun barns frá upphafi, því það getur haft áhrif á alla leikskólagöngu þess. Það er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þegar barn byrjar í leikskóla. Þetta er nýtt og framandi umhverfi sem þau þurfa að kynna. Í aðlögunarferlinu er mikilvægt að fjölskylda barnsins kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum en ekki síður að starfsfólkið kynnist barninu og fjölskyldu þess. Með þessu er lagður góður grunnur að framtíðinni.

Nærsamfélag

Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að nýta náttúruna í nærumhverfi skólans. Reglulegar gönguferðir og útinám/leikur eru dýrmætustu stundir í leikskólastarfi. Við erum í samstarfi við stofnanir, skóla, íþróttahús, dvalarheimili, slökkvilið og lögreglu. Saman vinna þessar stofnanir að því að móta sýn og stefnu um heilsueflingu.

Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluáferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt.

Leikur að læra er hugsað út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluáferðina eykst úthald og einbeiting ungra nemenda. Auðvelt að aðlaga kennsluna að ólíkum þörfum einstaklinga með líkamlega, andlega og félagslega vellíðan barna að leiðarljósi.

Leikur að læra byggir meðal annars á rannsóknum Bransford, Brown og Cocking á heilastarfsemi barna um líffræðileg áhrif náms og hreyfingar. Hreyfing er mannum eðlislæg og öll skynhreyfireynsla eykur varðveislu þekkingar. Hreyfing hefur einnig áhrif á hæfileika til að varðveita nýja þekkingu eða kunnáttu og endurkalla hana. Einhæf og fljótlærð viðfangsefni virðast hafa lítil langtímaáhrif á meðan reynsla sem af skynjuninni hlýst, í samvinnu við umhverfið, hjálpar heilanum að mynda ný taugamót. Frá þeim myndast nýjar brautir um heilann sem ná að virkja óvirkar stöðvar sem þar eru til staðar (Bransford, Brown og Cocking, 2000).

Leikur að læra leggur mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra í gegnum foreldraverkefni, heimavinnu, deildarkvöld og fleira. Þessir þættir stuðla að því að gera foreldra meðvitaða um nám barna sinna og mikilvægi góðrar samvinnu milli heimili og skóla.

Lubbi finnur málbein

Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísafold Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Málörvunarefnið er aðlagað að börnunum eftir aldri og getu. Með námsefninu er áhersla á brúarsmið á milli máhljóða og bókstafa með stuðningi táknrænna hreyfinga.

Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur við að gelta og þá heyrir „voff-voff-voff“. Lubba langar mikið að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Börnin hjálpa Lubba að læra þau með söng, táknrænum hreyfingum og ýmsum öðrum æfingum.

Það sem hundum finnst best að naga er bein og er Lubbi engin undantekning. Þess vegna eru máhljóðin skrifuð á bein og síðan nagar Lubbi beinin og lærir með því framburð máhljóðanna og að tala smátt og smátt. En hann þarf góða aðstoð og börnin aðstoða hann við að læra íslensku máhljóðin og bókstafina.

Í bókinni *Lubbi finnur málbein* er unnið með hljóðanám í þrívídd, þá er átt við sjónskyn, heyrnarskyn og hreyfi- og snertiskyn. Með því að vinna með hljóðanám í þrívídd er verið að æfa börnin í að tileinka sér íslensku máhljóðin. Það brúar bilið milli stafs og hljóðs og að lokum kemur þetta börnum á sporið í lestri og ritun.

Í bókinni er hverju máhljóði gefið ákveðið tákn og unnið er með litla og stóra bókstafi. Hvert máhljóð er tekið fyrir á síðu eða opnu. Hverju máhljóði fylgir ákveðið lag og einnig stutt saga þar sem lögð er sérstök áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Með því að gefa hverju máhljóði tákn þá er oft og tíðum stuðst við samskiptaleiðina *Tákn með tali*. Með því að tengja hljóðið við táknræna hreyfingu er auðvelt að læra það og muna. Vísurnar sem fjalla um hljóðin eru skemmtilegar og auðvelt að læra þær utanbókar, þær eru sungnar við gömul og þekkt lög.

Einnig eru í bókinni stuttar sögur sem tengjast hverju hljóði. Í sögunni má finna máhljóðið fremst í orði, inni í orði eða aftast í orði. Sögurnar geyma fjölbreyttan orðaforða og hvetja til

auðugs málfars. Spurningar í sögulok gefa færi á áhugaverðum samræðum, rökræðum og vangaveltum.

Bína bálreiða – viðeigandi boðskipti

Bína bálreiða er dúkka sem Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur gæddi lífi, í bókum sínum um Bínu. Í bókunum er Bína að læra nokkrar félagslegar leikreglur, sjálfstjórn og viðeigandi boðskipti m.a.: sitja, passa hendur, hlusta, gera til skiptis, muna og bíða. Bína bálreiða kann ekki reglurnar og fer því að haga sér illa og verður reið. Hún kann ekki viðeigandi boðskipti og þess vegna líður henni illa. Smátt og smátt lærir Bína reglurnar og hún lærir undirstöðupætti fyrir boðskipti og áttar sig m.a. á mikilvægi þess að hlusta, gera til skiptis, bíða og vera kurteis. Þetta veldur því að Bínu líður mun betur og á auðveldara með að tileinka sér það nám sem fer fram í leikskólanum. Með boðskiptareglum Bínu er lagður grunnur að góðum boðskiptum allra barna.

Sérfræðiþjónusta, einstaklingsáætlun/samvinna í milli kennara/samvinna við sérfræðinga

Hlutverk sérkennslustjóra Reykjakots er að halda utan um öll þau mál sem koma að sérkennslu við leikskólann. Regluleg samtöl í sérkennsluteymi eiga sér stað með deildarstjórum, fagstjóra í Leikur að læra, skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þar er farið yfir upplýsingar vegna barnahópsins og rætt um börn sem fá sérkennslu og önnur börn sem þurfa nánari athugun vegna gruns um frávík. Sérkennslustjóri sér um að gera einstaklingsáætlanir og endurmetur árangur mánaðarlega.

Ef grunur leikur á að barn eigi í erfiðleikum með mál og/eða tal hefur sérkennslustjóri samband við talmeinafræðing og í samráði við hann eru börnin skimuð. Talmeinafræðingur fer yfir niðurstöður og metur hvort ástæða sé til frekari prófana/greininga. Í framhaldi af þessum niðurstöðum er útbúin beiðni um frekara mat í samráði við foreldra.

Talmeinafræðingur hefur komið inn í leikskólann eftir þörfum en sérkennslustjóri þarf að forgangsraða eftir aldri og stöðu barnanna í samráði við deildarstjóra og e.t.v. leikskólastjóra. Sérkennslustjóri gerir á hverju hausti lista yfir börn sem hann veit þegar að þurfa að fara til talmeinafræðings.

Málörvun hjá sérkennslustjóra fer fram bæði í einstaklingsþjálfun og einnig í málörvunarhóp með fleiri börnum eftir þörfum hvers barns.

Eftirtalin matstæki eru notuð í leikskólanum Reykjakoti:

Hljóm-2 prófið sem er lagt fyrir öll börn síðasta haustið sem þau eru í leikskólanum.

TRAS skráningarlistinn er fylltur út af leikskólakennara á sex mánaða fresti frá því að barnið verður tveggja ára, þangað til það verður fimm ára.

Niðurstöður prófanna/listanna eru kynntar fyrir foreldrum á formlegum fundi og ræddar hugmyndir hvað varðar íhlutun.

Verkferlar – gátlistar – ferilmöppur

Ef grunur leikur á um seinkun í málþroska og/eða framburðarfrávik getur deildarstjóri vísað málinu til sérkennslustjóra og óskað eftir mati og ráðgjöf á þar til gerðu eyðublaði. Haft er samráð við foreldra til að athuga hvort/hvernig vandinn birtist heima. Í framhaldi er tekin ákvörðun um viðeigandi athuganir/skimanir. Deildarstjóri og sérkennslustjóri setja upp athuganir á deild ef þörf er á og skoða þau úrræði sem leikskólinn hefur yfir að ráða. Deildarstjóri/sérkennslustjóri gerir viðeigandi athuganir próf og skimanir á barninu t.d. með því að leggja fyrir Íslenska þroskalistann. Foreldrar fylla einnig út matslista fyrir barnið heima. Einstaklingsnámskrá er unnin af deildarstjóra og sérkennslustjóra og komið í framkvæmd. Deildarstjóri hefur samráð við foreldra um einstaklingsnámskrá.

Deildarstjóri í samráði við sérkennslustjóra getur vísað málinu til sérfræðiþjónustu utan leikskólans s.s. eins og til talmeinafræðings. Þetta er gert í fullu samráði við foreldra barnsins.

Mjög mikilvægt er að foreldrar séu hafðir með í vinnslu málsins og sömuleiðis í öllum úrræðum.

Samstarf leik- og grunnskóla

Þegar barn lýkur leikskólanámi í Reykjakoti og byrjar í grunnskóla verða heilmiklar breytingar fyrir það og fjölskyldu þess. Ef flutningur þessi á að ganga vel og verða farsæll þarf að undirbúa hann vel. Þegar barn lýkur leikskóladvöl liggja fyrir ýmsar upplýsingar um það. Til að tryggja að byggt sé á fyrra námi og reynslu leikskólabarna og að grunnskólaganga þeirra verði eins og best verður á kosið er gert ráð fyrir að tiltekna upplýsingar um hvert barn, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess og þroska, fylgi því í grunnskólann.

Fyllt er út eyðublað með hverju barni þar sem m.a. koma fram upplýsingar um niðurstöður úr matstækjum s.s. *Hljóm-2*. Ef barnið hefur notið sérkennslu í leikskólanum þá fylgir sérkennslustjóri málum þess eftir með sérstakri skýrslu til viðkomandi grunnskóla. Einnig situr sérkennslustjóri skilafundi vegna barna sem eru að fara yfir í grunnskólann.

Lokaorð

Þessi handbók er unnin af starfsfólki Reykjakots tímabilið 2018-2020 undir stjórn leikskólustjóra. Handbókin er grunnur sem starfsfólk ætlar síðan að byggja ofan á smátt og smátt. Þróunarverkefnið um snemmtæka íhlutun hefur aukið öryggi starfsfólks til muna. Auk allrar fræðslu og náms sem hefur skilað sér til starfsfólks, hefur vinnan við handbókina aukið yfirsýn og starfsfólk veit betur hvað á að gera og hvernig best er að vinna með börnunum. Starfsfólk Reykjakots er ánægt með verkefnið og þá sérstaklega aðkomu Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings og fulltrúa MMS. Einnig þakkar starfsfólkið samstarf við aðra leikskóla Mosfellsbæjar og fulltrúa Skólaskrifstofu.

Heimildir

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson 2014. *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes

Ásthildur Snorradóttir og Bjarni Þór Bjarnason. 2006. *Bína bálreiða*. Reykjavík. Forlagið

Ásthildur Snorradóttir og Bjarni Þór Bjarnason. 2007. *Bína fer í leikskóla*. Reykjavík. Forlagið

Ásthildur Snorradóttir og Bjarni Þór Bjarnason. 2008. *Bína lærir orð, hljóð og staf*. Reykjavík. Forlagið

Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. 2009. *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík. Forlagið

Elín Þöll Þórðardóttir. 1998. *Orðaskil*, málþroskapróf, styttri útgáfa. Reykjavík. Framsaga

Embætti landlæknis. Heilsueflandi leikskóli. Sótt af vef júní 2020. <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. 2002. *Hljóm2*. Sótt í júní 2020 af vef. <https://mms.is/hljom-2>

Leikur að læra. Kristín Einarsdóttir. <https://leikuradlaera.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Mennta og menningarmálaráðuneyti. 2011. *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík. Mennta og menningarmálaráðuneyti

Námsmatsstofnun. *TRAS* skráningarlistinn. Sótt í júní 2020. <https://mms.is/tras>

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar. 2000. *Málþroskahjólíð*. Mosfellsbær. Ýmsir höfundar

Viðaukar

*Læsisstefna Reykjakots

*Tilvísun til sérkennslustjóra

*Spurningalisti til forráðamanna v. mál og framburðartilvika

*Gátlistar fyrir hópstjóra málþroski

*Talþjálfunarferlið

*Einstaklingsnámskrá

*Skilablað til grunnskóla

Læsisstefna Reykjakots

Málþroski

Í leikskólanum er lagður grunnur að málþroska og læsi barna. Við vinnum markvisst að því að efla málþroska barnanna frá tveggja ára aldri og notum m.a. málörvunarkassa með bókum og spilum sem hæfa þroska þeirra. Þessir kassar eru á hverjum kjarna og útbúnir fyrir þann aldur sem er á kjarnanum. Eldri deildirnar nota einnig námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Yngri deildir nota námsefnið um bálreiðu Bínu. Með námsefninu er áhersla á brúarsmíð á milli mállhljóða og bókstafa með stuðningi táknrænna hreyfinga. Hjá elstu börnum leikskólans er einnig áhersla á hlustun á krefjandi sögur, sögugerð, ýmsa leiki með málið, s.s. rím, taka í sundur orð, setja saman og fleira.

Orðaforði – málskilningur

Grundvallarþáttur í að skilja talað og lesið mál er að hafa góðan orðaforða þar sem les- og hugtakaskilningur byggja á honum. Við setjum orð á alla hluti í umhverfi barnanna og ræðum við þau á meðan við sinnum athöfnum daglegs lífs. Lesnar eru bækur sem hæfa þroska og aldri barnanna, stoppað er og útskýrt fyrir þeim hin ýmsu hugtök og börnin spurð um innihald bókarinnar.

Ritmál

Við höfum ritmálið sýnilegt fyrir börnin. Bækur sem börnin fá í hendur þurfa að hafa stórt letur svo þau geti æft sig á stöfunum þegar þau hafa áhuga. Nöfn barnanna eru á skúffum, hólfum og plássum svo að þau læri að þekkja sitt nafn. Ritmálið er einnig að finna á sumum veggjum. Á þennan hátt læra börnin smátt og smátt að þekkja orðin. Elstu börnin læra að skrifa nafnið sitt á meðan að yngri börnin eru að læra að þekkja fyrsta stafinn í nafninu sínu.

Samræða, tjáning og hlustun

Við leggjum áherslu á samskipti við börnin með því að hlusta á það sem þau hafa að segja og æfa þau í að segja frá. Í samveru, t.d. á morgunfundum í samveru fá börnin að segja frá einhverju skemmtilegu sem þau hafa gert eða upplifað. Á valfundum tjá börnin sig um hvaða

verkefni þau velja sér. Á söngfundum sem eru vikulega, eru allir með í samsöng. Einstaka sinnum eru sett upp leikrit og sýnd fyrir hinar deildirnar. Við segjum börnunum sögur, lesum fyrir þau bækur, syngjum með þeim, æfum rím, vísur og þulur. Í *Markvissri málörvun* eru leikir sem æfa hlustun. Við notum líka hljóðfæri til að æfa að vera samtaka og hve þagnir eru mikilvægar í tónlist. Taska með smáhljóðfærum fylgir hverjum kjarna. Við notum stundum samverustundir til að hlusta á sögur og tónlist af geisladiskum. Við gerum frjálsum leik hátt undir höfði og gefum honum nægan tíma sem eflir samskipti og tjáningu. Við hvetjum börnin í að æfa sig að hlusta á hvert annað í samskiptum og einnig á kennara sína.

Efniviður

Bækur eru alltaf aðgengilegar fyrir börnin og fagbækur um ýmis efni notaðar í hópatímum með kennara. Við heimsækjum bókasafnið nokkrum sinnum á vetri hverjum til þess að börnin læri að nýta sér það. Markviss málörvunarbókin er notuð með tveimur elstu árgöngum skólans. Börnin hafa alltaf aðgengi að pappír og skriffærum.

Lestur og hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er mikilvægur grunnur fyrir lestrarnám og skiptir miklu máli að börnin læri að í orðum eru hljóð. Við eflum hljóðkerfisvitund með því m.a. að syngja, ríma og klappa atkvæði. Á eldri deildum er unnið með sundurgreiningu og samsetningu orða.

Matstæki

Hljóm-2 er greiningartæki sem lagt er fyrir að hausti til að meta hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Þar er verið að kanna þættina rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

TRÚNAÐARMÁL

Tilvísun til sérkennslustjóra

Nafn barns	Kennitala
Nafn móður	Nafn föður
Nafn kjarna	Dagsetning
Nafn tilvísunaraðila	Tengsl við barnið
Samþykki kjarnastjóra	Annað

Ástæður tilvísunar

- Grunur um seinþroska
- Hegðun/aðlögun
- Líðan barnsins
- Mál/tal
- Fjölskylduaðstæður
- Samskipti/einelti
- Annað _____

Hverjar eru sterku hliðar barnsins? _____

Hefur eitthvað verið gert í málinu? Hvað? _____

Hvað er verið að biðja sérkennslustjóra að gera? _____

Aðrar upplýsingar _____

Gátlisti fyrir heimili – leikskólabarn
Fylgiskjal með tilvísun til talmeinafræðings skólaþjónustu Mosfellsbæjar

TRÚNAÐARMÁL

Nemandi

Nafn:	Kennitala:
Heimilisfang:	Heimasími:

Fjölskylduaðstæður

Foreldri / forráðamaður:	Sími:
Foreldri / forráðamaður:	Sími:
Stjúp-/fósturforeldri / forráðamaður:	Sími:
Stjúp-/fósturforeldri / forráðamaður:	Sími:
Netföng forráðamanna:	
Systkini og fæðingarár:	

Ástæða tilvísunar

Merkið við allt sem á við. Áhyggjur eru af:

- | | |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Seinkuðum málproska
<input type="checkbox"/> – erfiðleikar tengdir málskilningi
<i>(barnið á t.d. erfitt með að skilja þig/aðra, þarf einföld fyrirmæli, fylgir ekki eftir í samræðum)</i>
<input type="checkbox"/> – erfiðleikar tengdir máltjáningu
<i>(t.d. rýr setningamyndun, orðminnis-erfiðleikar, röng orðaröð)</i>
<input type="checkbox"/> – bæði málskilnings- og máltjáningargeta barns veldur áhyggjum | <input type="checkbox"/> Framburði máhljóða (<i>máhljóð vantar eða röng myndun þeirra</i>)
<input type="checkbox"/> Stami eða hökt í tali
<input type="checkbox"/> Raddvandamáli (<i>hæsi, eymsli í rödd</i>)
<input type="checkbox"/> Annað:

_____ |
|--|---|

Staðfestar greiningar

Tilgreinið hvort eftirfarandi greiningar liggja fyrir.

- | | |
|---|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Einbeitingarskortur / ofvirkni | <input type="checkbox"/> Einhverfa |
| <input type="checkbox"/> Hegðunarerfiðleikar | <input type="checkbox"/> Þroskaröskun |
| <input type="checkbox"/> Kvíði | <input type="checkbox"/> Annað: _____ |

Aðilar utan skóla

Tilgreinið hvaða aðilar utan skólans hafa komið að máli barnsins.

- | | | | |
|---|---|--------------------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> Sérfræðiþjónusta skóla | <input type="checkbox"/> Fjölskyldudeild / barnavernd | <input type="checkbox"/> Heilsugæsla | <input type="checkbox"/> Barnalæknir / sérfræðingur |
| <input type="checkbox"/> GRR | <input type="checkbox"/> Þroska- og hegðunarstöð | <input type="checkbox"/> BUGL | <input type="checkbox"/> Þjónustu- og þekkingarmiðstöð |
| <input type="checkbox"/> Heyrnar og Talmeinstöð (HTÍ) | <input type="checkbox"/> Sjúkráþjálfun | <input type="checkbox"/> Iðjuþjálfun | <input type="checkbox"/> Talþjálfun / talmeinafræðingur |
| <input type="checkbox"/> Fjölskylduráðgjafar | <input type="checkbox"/> Annað: _____ | | |

Hvers er óskað af skólaþjónustu?

Tilgreinið hvers konar aðstoðar óskað er eftir af hálfu talmeinafræðings.

Gögn

Eru til gögn (greiningar, sálfræðiskýrslur, læknaþréf eða annað) sem gætu komið að gagni? Ef já, hvaða?

Almennar spurningar sem eiga við allar tilvísanir.

- Hvenær og af hverju fóruð þið að hafa áhyggjur af tali og eða málþroska barnsins? _____

- Hefur verið leitað til talmeinafræðings vegna vandans? Já

Nei

- Ef já, lýsið nánar (dagsetning, nafn talmeinafræðings og ástæða).

- Er barnið tvítyngt eða fjöltyngt (fleiri en tvö tungumál í málumhverfi)? Já

Nei

- Hvaða tungumál eru töluð við barnið? _____
- Hvaða tungumál talar barnið? _____
- Hvaða tungumál skilur barnið? _____
- Eru sérstakar áhyggjur til staðar vegna tví- eða fjöltyngis? _____

- Hefur barnið fengið tíðar eyrnabólgur? Já

Nei

► Leikur grunur á heyrnarskerðingu af einhverjum toga?

Já

Nei

- Ef já, hefur barnið farið í heyrnarmælingu, vinsamlegast dagsetjið og tilgreinið niðurstöður

► Hefur vandinn áhrif á félagsleg tengsl og/eða samskipti og líðan barnsins? _____

► Annað. Er eitthvað annað sem ástæða er til að taka fram? _____

—

—

—

—

—

—

—

Gátlisti fyrir leikskóla
Fylgiskjal með tilvísun til talmeinafræðings skólajónustu Mosfellsbæjar

TRÚNAÐARMÁL

Nemandi

Nafn:	Kennitala:
Heimilisfang:	Heimasími:

Leikskóli

Leikskóli:	
Deildarstjóri:	Deild:

Ástæða tilvísunar

Merkið við allt sem á við. Áhyggjur eru af:

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Seinkuðum málproska
<input type="checkbox"/> – erfiðleikar tengdir málskilningi
(barnið á t.d. erfitt með að skilja þig/aðra, þarf einföld fyrirmæli, fylgir ekki eftir í samræðum) | <input type="checkbox"/> Framburði máhljóða (máhljóð vantar eða röng myndun þeirra) |
| <input type="checkbox"/> – erfiðleikar tengdir máltjáningu
(t.d. rýr setningamyndun, orðminnis-erfiðleikar, röng orðaröð) | <input type="checkbox"/> Stami eða hökt í tali |
| <input type="checkbox"/> – bæði málskilnings- og máltjáningargeta barns veldur áhyggjum | <input type="checkbox"/> Raddvandamáli (hæsi, eymsli í rödd) |
| | <input type="checkbox"/> Annað:

_____ |

Hvers er óskað af skólaþjónustu?

Tilgreinið hvers konar aðstoðar óskað er eftir af hálfu talmeinafræðings.

Gögn

Eru til gögn (greiningar, sálfræðiskýrslur, læknaþréf eða annað) sem gætu komið að gagni? Ef já, hvaða?

Almennar spurningar sem eiga við allar tilvísanir

- ▶ Hvernig birtist vandinn í leikskólaumhverfi? _____

- ▶ Hvenær var fyrst tekið eftir vandanum?

- ▶ Hvað hefur leikskólinn gert í málinu til þessa (t.d. málörvunarvinna, þjálfunarstundir með sérkennara, teymisvinna)? _____

- ▶ Ef barnið hefur verið í þjálfunarstundum í leikskóla, hefur það náð settum markmiðum? Hafa orðið framfarir?

- ▶ Hefur vandinn áhrif á félagsleg tengsl og/eða samskipti í leikskólanum? _____

- ▶ Annað. Er eitthvað annað sem ástæða er til að taka fram? _____

Talþjálfunarferlið

- 1) Ef grunur leikur á um seinkun í málþroska eða framburðarfrávik á barnið rétt á mati hjá talmeinafræðingi og því geta foreldrar haft samband við sinn deildarstjóra eða sérkennslustjóra leikskólans sem athugar betur hvort ástæða þykir til að barnið fari í mat.
- 2) Talmeinafræðingar koma í leikskólann á hverju hausti, yfirleitt í lok október eða byrjun nóvember. Talmeinafræðingarnir gera þá mat á þeim börnum sem sérkennslustjóri og leikskólastjóri vísa þeim á með samþykki foreldra.
- 3) Þegar niðurstöður matsins liggja fyrir kemur í ljós hversu mikilli talþjálfun barnið þarf á að halda. Jafnframt er boðið til skilafundar þar sem talmeinafræðingur miðlar til foreldra, sérkennslustjóra og deildarstjóra niðurstöðum matsins svo að hægt sé að vinna að því að efla það sem þarf að efla hjá barninu.
- 4) Ef barnið kemur út fyrir neðan meðaltal miðað við sinn aldur á það rétt á talþjálfun hjá talmeinafræðingi sem Tryggingarstofnun ríkisins tekur þátt í að greiða. Hins vegar ef barnið er innan aldurssvarandi marka á það e.t.v. ekki rétt á greiðsluþátttöku Tryggingarstofnunar en þarf kannski nokkra tíma hjá talmeinafræðingi sem foreldrar þurfa að borga úr eigin vasa.
- 5) Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir þurfa foreldrar þeirra barna sem eiga rétt á greiðsluþátttöku Tryggingarstofnunar að fara til síns heimilislæknis og fá **beiðni** til talmeinafræðings. Foreldrarnir fara svo sjálfir með beiðnina, talmeinafræðingurinn sér um að koma pappírnum áfram til Tryggingastofnunar ríkisins og setur barnið á biðlista eftir talþjálfun.
- 6) En foreldrar þeirra barna sem **ekki** eiga rétt á greiðsluþátttöku þurfa sjálfir að hafa samband við talmeinafræðingana til þess að koma sínu barni að í talþjálfun og það fer því á biðlista eins og hin börnin
- 7) Í dag er biðin eftir talþjálfun um eitt ár þannig að best er að fá beiðni hjá heimilislækni og sækja um talþjálfun hjá talmeinafræðingi sem fyrst.

TRÚNAÐARMÁL

Einstaklingsnámskrá

Nafn: Kennitala: Kjarni: Kjarnastjóri: Hópstjóri: Unnið af: Endurmat:
--

Höfuðmarkmið:

Langtímamarkmið:

Skammtímamarkmið:

Sterkar hliðar:

Veikar hliðar:

Proskapættir:

Málproski:

Markmið

Leiðir

Ástæða

Hreyfibroski:

Markmið

Leiðir

Ástæða

Hegðun og líðan:

Markmið

Leiðir

Ástæða

Skil frá leikskóla til leikskóla og grunnskóla

TRÚNAÐARMÁL

Nafn barns: _____ Kt: _____

Upplýsingar frá leikskólanum:

Berist til:

Nafn móður: _____ hs: _____ vs: _____

Nafn föður: _____ hs: _____ vs: _____

Hefur barnið verið langveikt?

Er barnið með einhvern sjúkdóm?

Er barnið með eitthvað ofnæmi og/eða óþol?

Tvítýngi/þrítýngi:

Hefur Hljóm-2, verið lagt fyrir barnið? _____ Ef já, hvað kom út úr Hljóm-2 athugun?

Mjög slök færni Slök færni Meðalfærni Góð færni

Hefur barnið farið í greiningu frá fagaðilum, s.s. sálfræðingi, talmeinafræðingi, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og/eða Hegðunar- og þroskamiðstöð?

Já Nei

Ef já, hvenær og hvar?

Fylgja greiningarpappírar með barninu?

Já Nei

Hvað er barnið búið að vera lengi í leikskólanum?

Hefur barnið fengið einhverja sérkennslu/sérúrræði innan leikskólans?

Já Nei

Ef já, hvaða þá? Hversu lengi og hversu oft í viku?

Dagsetning: _____

Fyllt út af: _____

Undirskrift forráðamanns: _____

Undirskrift leikskólastjóra: _____